

Deiliskipulag frístundahúss við Silungatjörn, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundahúss við Silungatjörn, Mosfellsbæ á fundi sínum þann 22. júní sl.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir einu frístundahúsi, hámarksstærð 110 m² auk 20 m² geymslu og 50 m² kjallara. Hámarkshæð húss verður 5,5 m.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 12. ágúst 2005,

F. h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,
Tryggvi Jónsson
bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að heimila hægri beygju fyrir almenna umferð af Laugavegi norður Snorrabraut.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. ágúst 2005,

Ingimundur Einarsson,
varalögreglustjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Tunguskeiði, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Tunguskeiði á Ísafirði. Breytingin felur í sér að tenging Tungubrautar við Skutulsfjarðarbraut færist um 33 metra til norðurs. Lóðin að Skeiði 1 stækkar um 942 m² og heimilt er að selja eldsneyti á lóðinni. Gert er ráð fyrir tveimur dælum, skyggni og inntaksklefa 2 X 3 metra, hámarkshæð þaks er 5,3 metrar.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 17. ágúst 2005,

Stefán Brynjólfsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 722/2005 um úthlutun á byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006.

1. gr.

Lokamálsliður B. liðar 3. gr. orðist svo:
Bætur samkvæmt þessum lið skulu þó aldrei vera hærri en sem nemur lækkun bóta Byggðastofnunar milli fiskveiðiáranna 2003/2004 og 2005/2006 en skulu þó að lágmarki vera 20 þorskígildislestir og að hámarki 145 þorskígildislestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. september 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. ágúst 2005,

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.